Deiliskráning á línustæði fyrir ljósleiðara í Eyja og Miklaholtshreppi



Stefán Ólafsson

FS610-16101
Reykjavík

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@instarch.is

Samantekt

Í lok apríl 2016 fór Eggert Kjartansson oddviti í Eyja- og Miklaholtshreppi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu vegna lagningu ljósleiðara í hreppnum vegna kröfu Minjastofnunar Íslands um slíka skráningu. Skráningin var unnin í byrjun maímánaðar og skiptist skráningarsvæðið í sjö hluta sem hefur áhrif á lönd tíu jarða. Þetta eru jarðirnar: Hrossholt MH-230, Kolviðarnes MH-231, Hausthús MH-232, Söðulsholt MH237, Gerðuberg MH-242, Hrísdalur MH-252, Dalur MH-253, Miklaholt MH-264, Sel MH-265 og Syðra-Skógarnes MH-266. Þar sem áætlað línustæði ljósleiðarans fór yfir sýnilegar fornleifar voru gerðar tillögur að breytingu á línustæðinu en það fer þó engu að síður í gegnum gömul heimatún á Söðulsholti, Hrossholti, Kolviðarnesi, Miklaholti, Hausthúsum, Syðra-Skógarnesi og Hrísdal, í mismiklum mæli þó.

Efnisyfirlit


1. Inngangur 5
Deiliskipulagsuppdráttur af skráningarsvæðinu 4
2. Deiliskráningarsvæðin 7
3. Saga fornleifaskráningar og löggjöf. 8
4. Fornleifaskrá 10
5. Niðurstöður 48
Heimildir 52
Minjakort 54

1. Inngangur

Í lok apríl 2016 fór Eggert Kjartansson oddviti í Eyja- og Miklaholtshreppi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu vegna lagningu ljósleiðara í hreppnum vegna kröfu Minjastofnunar Íslands um slíka skráningu. Skráningin var unnin í byrjun maímánaðar og sá Stefán Ólafsson fornleifafræðingur um hana. Ólafur Guðmundsson fyrrverandi skipulagsfulltrúi hreppsins lagði til skipulagsuppdrátt og hnit sem unnið var eftir. Stefán Ólafsson fornleifafræðingur og Eggert Kjartansson oddviti áttu fund 2. maí 2016 þar sem Eggert tiltók nákvæmlega hvaða hlutar línustæðisins skyldu deiliskráðir og eru það sjö aðskildir hlutar en nánari grein er gerð fyrir þeim í kafla 2. Á fundinum kom fram vilji sveitarfélagsins til að hlífa öllum þeim fornleifum sem kynnu að lenda í línustæði ljósleiðara, samkvæmt áætlaðri legu hans enda taldi sveitarfélagið að í flestum tilfellum ætti hreinlega að vera hægt að breyta legu línustæðisins þar sem ljóst væri að hún myndi raska fornleifum. Samkomulag var því um að þar sem slíkt kæmi í ljós yrði nánasta umhverfi línunnar gengið og fornleifafræðingur myndi svo leggja til færslu þannig að línulögnin ógnaði ekki fornleifum, svo framarlega sem það væri hægt.

Í skýrslunni er ekki unnið með hnitsettar loftmyndir heldur var skipulagsuppdrátturinn allur í heild sinni hnitsettur handvirkt. Þetta kann að leiða til þess að greina megi skekkju milli hnita og skipulagsuppdráttar en þetta hefur engin áhrif á innbyrðis afstöðu hnita.

Í fornleifaskránni, sem er í kafla 4, eru sumar málsgreinar hafðar með daufu gráu letri, þetta eru umfjallanir um fornleifar sem til eru upplýsingar um á tiltekinni jörð en sem hafa ekki verið skráðar á vettvangi.



Bleiku línurnar sýna línustæðin sem voru gengin. Þeim hafa verið gefin aðgreinandi heiti frá Hluta 1-7 til að auðvelda umfjöllun.

2. Deiliskráningarsvæðin

Deiliskráningarsvæðið er línustæði í Eyja- og Miklaholtshreppi sem er í heildina 25,8 km langt en skiptist í sjö aðskilda hluta.
Fyrsti hluti liggur frá veiðihúsi við Haffjarðará (hnit 1 á skipulagsuppdrætti) og að heimreið á Þverá (hnit 2 á skipulagsuppdrætti). Þessi hluti er tæplega 3,2 km langur.
Annar hluti liggur frá bæjarstæði Söðulsholts að Laugagerðisskóla en hjá Laugagerðisskóla skiptist línulögnin í þrjá hluta; til Hrossholts, til borholu (hnit 70 samkvæmt skipulagsuppdrætti) og til Kolviðarness og þar áfram til Miðholts. Heildarlengd er um 7,9 km.
Þriðji hluti liggur meðfram heimreiðinni að Miklaholtsseli, frá þjóðvegi og að íbúðarhúsi. Heildarlengd er tæplega 250 m.
Fjórði hluti liggur frá Miklholti suður að Deildarlæk (hnit 112 á skiplagsuppdrætti). Þar skiptist línulögnin í tvennt og liggur annar hluti til norðausturs til Hausthúsa en hinn til suðvesturs til bæjarhúsa á Syðra-Skógarnesi og þó aðeins lengra þar sem hún endar innarlega á Hróksnesi. Heildarlengd er 7,1 km.
Fimmti hluti liggur frá þjóðvegi neðan Breiðabliks og að Nýpustöðum (nýbýli hnit 135 á skipulagsuppdrætti). Þessi hluti er samtals um 2,2 km að lengd.
Sjötti hluti liggur frá veiðihúsi í landi Dals til austurs að hniti 234 (sjá deiliskipulagsuppdrátt). Þar skiptist línulögnin í tvennt og liggur annar hluti til suðvesturs að gamla íbúðarhúsinu í Dal en hinn til norðvesturs meðfram Vatnaleið að Múlavirkjun (hnit 259 samkvæmt skipulagsuppdrætti). Samtals er þessi hluti tæplega 4,6 km langur.
Sjöundi hluti er um 580 m að lengd og liggur frá íbúðarhúsum í Hrísdal meðfram heimreið bæjarins og að hniti 223 (sjá skipulagsuppdrátt).
15m breitt belti var skoðað sitt hvoru megin við línustæðið.

3. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning). Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminja (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem það eru vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang[i] fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunaruppgraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.


Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: MH-102:001).

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað.

stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að frávik frá miðju sé ekki meira en 3 metrar og svo er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis

fornleifar samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012). Að auki voru gerðar sérstakar uppmælingar á hverjum minjastað þar sem ummerki sáust með gps stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem frávik frá miðju er innan við 1 metri. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

MH-230 Hrossholt

13 hdr 1714, konungseign. Bænhús byggt hér eftir að Haffjarðareyjarsókn var lögð niður. Jarðarinnar er getið í Heiðarvígasögu. IF III, 233.Jarðarinnar getið í Grettissögu ÍF VII, 193 einnig í Eyrbyggju ÍF IV, 153. “[um 1360]: Jtaka Brieff Hrossholltz.Halluardur Oddzson sellde clostrinu a Helgafelle og Asgrijme abota jordina Hrosshollt. med ollum þeim gognum og giædum sem þar a ad fylgia. ad tiltoldum sierliga skogie þeim er stendur firer sunnan ana firer nedann modruskala hollt og eingi j Sodullzholltz jordu. sem Breff þar vm giorst vottar.” (DI III 138-139; DI VI, 11-12)
Hrossholt átti 8 kúgilda beit í 8 vikur við Hvítuhlíð við land Dalsmynnis, ásamt engjaítaki við Stöðulholtsland. Búskap hætt á jörðinni um 1980, enn búseta þar. Laugargerðisskóli í landi jarðarinnar, á 20 ha.
1920: Tún 3,4 ha, 1/2 sléttað, garðar 100m2. “Bæjarstæðið er á holti sem nú hefur að mestu verið gert að túni.” BS, 272. “Land Hrossholts er af góðri meðalstærð og nær frá Haffjarðará vestur að Núpá. ... Skógrækt var hafin í landi Hrossholts fyrir nokkrum árum.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 20.

MH-230:001 Hrossholt bæjarhóll bústaður 338693 485585
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð bærinn norðarlega á heimatúninu og bendir allt til þess að núverandi íbúðarhús byggt 1980 sé á bæjarhólnum.
Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni og á honum stendur íbúðarhús ásamt skrautjurtagarði.
Bæjarhóllinn er um 70x50m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Upphleðsla hans er um 2m.
Heimildir:Túnakort 1920


Bæjarhóll Hrossholts 001, horft til norðvesturs.

MH-230:002 heimild um bænhús
1714: “ Munnmæli segja, að hjer hafi bænhús verið; engin sjást þess merki.”
HROSSHOLT Í EYJAHREPPI (SH)
(HAFFJARÐAREYJARÞING) - BÆNHÚS
PP: 1563: Haffjarðareyjarkirkja lögð niður, og lítil kirkja byggð í Hrossholti. “Á árunum 1563-1570 var kirkja í Hrossholti. Var kirkja þessi byggð, þegar kirkjustaður var lagður niður

í Haffjarðarey. Kirkjan stóð þar, sem hlaðvarpinn í Hrossholti er núna. Kirkjugarður hefir einnig staðið þar, en lítill hefir hann hlotið að vera. Tvö leiði var sagt, að þar hefðu sézt." segir í örnefnaskrá
Heimildir:JÁM V, 40; PP, 144; Ö-Akurholt og Hrossholt, 2

MH-230:003 heimild um rétt
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:007 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:008 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:009 Þinghóll örnefni þingstaður
"Niður á túninu í Hrossholti er hóll, nefndur Þinghóll. Bendir nafnið til þess, að þarna hafi einhvern tíma verið þingstaður, en ekki hefi ég sagnir af því." segir í örnefnaskrá
"Í Hrossholti var þingstaður hreppsins langt fram á 19. öld og mun svo verið hafa um margra alda skeið. En svo var þingstaðurinn færður að Þverá og þar var hann síðan uns samkomuhús var byggt í Dalsmynni 1936." Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Ö-Akurholt og Hrossholt, 2;Snæfellingar og Hnappdælingar II, 2087

MH-230:010 Styrsvarða varða
"Fyrir neðan túnið er Styrkholt, og á því er vörðubrot, kallað Styrsvarða. Langa holtið fyrir sunnan túnið heitir Stekkjarholt. Neðst á því er stekkjarhöfði, en efst Stekkjarhóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Akurholt og Hrossholt, 2

MH-230:011 Stekkjarhóll örnefni stekkur
"Fyrir neðan túnið er Styrkholt, og á því er vörðubrot, kallað Styrsvarða. Langa holtið fyrir sunnan túnið heitir Stekkjarholt. Neðst á því er stekkjarhöfði, en efst Stekkjarhóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Akurholt og Hrossholt, 2


MH-231 Kolviðarnes
16 hdr 1714. Jörðin á land milli Haffjarðarár og Núpár. Smáragerði nýbýli frá 1939-1941.
1714: "Engjar mjög litlar. Landið ilt og magurt til útbeitar bæði sumar og vetur." JÁM V, 47
1920: Tún 3,5 ha, 1/3 slétt, garðar 900m2. "Bæjarstæðið er á stóru holti, sem stendur uppúr láglendinu." BS, 273

MH-231:001 Kolviðarnes bæjarhóll bústaður 336760 482621
Bæjarhóllinn er 25-30m vestan við íbúðarhús á Kolviðarnesi sem byggt er 1981.
Bæjarhóllinn stendur í landi sem hallar til suðvesturs. Bílvegur liggur yfir bæjarhólinn að hluta.
Bæjarhóllinn er 45x45m að stærð og er enn sýnilegur. Þegar ný íbúðarhús og ný útihús voru reist á Kolviðarnesi í byrjun níunda áratug síðustu aldar var gamli bæjarhóllinn lækkaður vegna lagningu vegar milli bæjar og útihúsa. Upphleðsla er samt sýnileg og gæti hún verið um 1m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Bæjarhóll Kolviðarness 001, horft til austurs

MH-231:002 tóft óþekkt 336922 482690
Tóft er sambyggð túngarði 003 og um 160m norðaustur af bæjarhól 001.
Tóftin er utan heimatúns efst á hrygg sem liggur frá norðaustri til suðvesturs að heimatúni.
Tóftin er 6x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hún er einföld og er op á báðum göflum. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, um 60cm á hæð og um 1,5m á breidd. Vegghleðslur eru signar og á kafi í grasi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Uppdrátturinn sýnir tóft 002



Tóft 002 er sambyggð túngarði 003, horft til suðausturs.

MH-231:003 garðlag túngarður 336917 482685
Garðlagið liggur meðfram norðaustur mörkum gamla heimatúnsins eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920 og því eðlilegt að gera ráð fyrir því að um túngarð sé að ræða. Það er um 130m norðaustan við bæjarhól 001.
Túngarðurinn liggur til suðausturs frá heimreið að Kolviðarnesi upp hrygg sem hefur stefnuna norðaustur suðvestur. Umhverfis garðlagið er þýfður mói.
Garðlagið liggur í norðvestur og suðaustur. Það er 30-100cm á hæð og um 1m á breidd, hlaðið úr torfi og grjóti og á kafi í grasi. Garðlagið er almennt nokkuð sigið en á kafla suðvestan við tóft 002 er það mjög útflatt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Túngarður 003, horft til norðvesturs.

MH-231:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:007 heimild um hlöðu
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:008 Fjóshóll örnefni fjós
“Nokkrir hólar eru í túninu, og heitir sá Fjóshóll, sem er norðaustur af bænum, en norðvestur af bænum er Litlihóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1

MH-231:009 heimild um fjárhús
“Nokkrir hólar eru í túninu, og heitir sá Fjóshóll, sem er norðaustur af bænum, en norðvestur af bænum er Litlihóll. Loks er Húshóll vestur af bænum, en þar eru nú fjárhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1

MH-231:010 Kastalahús heimild um útihús
“Upp í túninu, norðaustur af Fjóshól, er Kastalabrekka, og norðaustur af henni er Kastali. Á brún Kastalabrekkunnar er gamalt refahús, og er það jafnan kallað Kastalahús.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir: “Kastalinn er nokkuð langt holt, hækkar nokkuð til austurs og endar þar í klettaröð þverhníptri, er hækkar nokkuð til suðurs.”
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:011 Fornastekksholt heimild um stekk
“Í áframhaldi af Kastalanum í norðaustur er Fornastekksholt, og er Vondakelda norður af holtinu, en norður af því er Knarrarhóll, en norður af honum er Kolviðarneslaug.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir að þar hafi verið greinileg tóftarbrot.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:012 Knarrarhóll örnefni
“Í áframhaldi af Kastalanum í norðaustur er Fornastekksholt, og er Vondakelda norður af holtinu, en norður af því er Knarrarhóll, en norður af honum er Kolviðarneslaug.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1

MH-231:013 Bænhúsvað heimild um vað
“Suðvestur af Langanesi er Bænhúsvaðsholt, en suðaustur af því er Bænhúsvaðsgrund, og sunnanvert við hana er Bænhúsvaðsklettar. En á þessum slóðum er vað yfir Haffjarðará, sem heitir Bænhúsvað.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir: “Líklegt er af nafninu, að bænahús hafi staðið á grundinni, þó

ekkert sé þar nú, er bendir til þess. Máski hefir þarna verið ferjustaður til forna. Áin er ekki fær nema um fjöru. Þarna verður mikill fjörður um flóð."
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1-2; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:014 Hádegisvarða varða eyktamark
"Suðvestur af víkinni, er verður fyrir sunnan Langanes, eru smáklettar með vörðum á, og heita þeir Strókar." segir í örnefnaskrá. i svörum við spurningum segir að þetta heiti Hádegisvarða.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 2; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:015 Gömlugrafir heimild um mógrafir
"Lengra vestur með ströndinni [en Goggur og Hlunkur] eru grasi vaxnar mógrafir niðri við bakkana, sem kallaðar eru Gömlugrafir." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 2

MH-231:016 Hlóðaklettur heimild um þvottastað
"Lengra vestur með ströndinni [en Goggur og Hlunkur] eru grasi vaxnar mógrafir niðri við bakkana, sem kallaðar eru Gömlugrafir. Suður af þeim er Hlóðaklettur. Þar er ullin þvegin að öllum jafni." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 2

MH-231:017 Rúst örnefni
"Austan við þá [Lágubakka] er allmikill þúfnakragi í flóanum, sem kallaður er Rúst." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:018 Neðraskjól heimild um hesthús
"Norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar út í Núpá, og kallast hann Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, nefnt Neðraskjól, en nokkurn spöl frá því norður með ánni er Efraskjól." segir í örnefnaskrá "Suðvestur af Tjarnarnesi er grasi vaxin lág eyri, [og] norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar fram í ána og kallast Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, sem nefnt er Neðraskjól, og nokkurn spöl norðar með ánni er Efraskjól. Bæði eru þau hlaðin fyrir um 40 árum." segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3; Ö-Kolviðarnes viðb, 2

MH-231:019 Efraskjól örnefni
"Norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar út í Núpá, og kallast hann Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, nefnt Neðraskjól, en nokkurn spöl frá því norður með ánni er Efraskjól." segir í örnefnaskrá "Suðvestur af Tjarnarnesi er grasi vaxin lág eyri, [og] norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar fram í ána og kallast Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, sem nefnt er Neðraskjól, og nokkurn spöl norðar með ánni er Efraskjól. Bæði eru þau hlaðin fyrir um 40 árum." segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3; Ö-Kolviðarnes viðb, 2

MH-231:020 Hjásetuskjól örnefni smalakofi
"Norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar út í Núpá, og kallast hann Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, nefnt Neðraskjól, en nokkurn spöl frá því norður með ánni er Efraskjól. Alllang norðar, fyrir vestan Efravatn, er Hjásetuskjól." segir í örnefnaskrá
Fráfærum hætt nokkru eftir 1920, um 1925.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:021 Vörðuholt örnefni
“Suðvestur af Hallsholti, austan Neðravatns, er Vörðuholt, en suðaustur af því er melur, sem liggur heim að túninu að vestanverðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:022 heimild um skotbyrgi
“Suðvestur af Hallsholti, austan Neðravatns, er Vörðuholt, en suðaustur af því er melur, sem liggur heim að túninu að vestanverðu. Þar sem Vörðuholtið skagar lengst í austur, er skothús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:023 Eldhúshólmi örnefni
“Syðst í Vörðuholtinu er Nátthagi. vestanverðu við hann, við syðri enda Neðravatns, er svonefndur Vatnskrókur, og þar við vatnið er smáhóll, kallaður Eldhúshólmi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:024 heimild um nátthaga
“Syðst í Vörðuholtinu er Nátthagi. vestanverðu við hann, við syðri enda Neðravatns, er svonefndur Vatnskrókur, og þar við vatnið er smáhóll, kallaður Eldhúshólmi.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir: “Nátthaginn kom mér fyrir sjónir sem nýlegt mannvirki.”
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 2

MH-231:025 Kolviðarneslaug laug sundlaug
“Í áframhaldi af Kastalanum í norðaustur er Fornastekksholt, og er Vondakelda norður af holtinu, en norður af því er Knarrarhóll, en norður af honum er Kolviðarneslaug.” segir í örnefnaskrá
Eins og áður er getið, er Kolviðarneslaug fyrir ofan Knarrholt, svo að segja á bökkum Haffjarðarár. Allt þangað upp fellur sjór í ána um flæðir, en vatnið í lauginni er mest um 60°, svo að þarna er hinn ákjósanlegasti baðstaður. En þetta er líka eina laugin á Snæfellsnesi auk Lýsuhólslaugar í Staðarsveit.” segir í örnefnaskrá Sumarið 1917 hófst sundkennsla í Kolviðarneslaug, þá gerður sundpollur með fyrirhleðslu og var vinnan unnin af ungmennafélagi staðarins í sjálfboðavinnu. Sagnir eru af sundkennslu á svæðinu frá því snemma á 29. öld, og sennilega þá einnig verið hlaðið fyrir, að minnsta kosti voru leifar af annarri laug er laugin 1917 var byggð.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1, 3-4; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 245-46.

MH-231:026 heimild um mógrafir
“Suðvestur af víkinni, sem verður fyrir sunnan Langanes, eru smáklettar með vörðum á, og heita þeir Strókar [014] . Þeir eru vestan við Bænhúsvaðið. Milli þeirra og túnsins er lítið holt, Litla-Móholt, og skammt fyrir norðan það, móts við Kastalann, er Efra-Móholt.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir af mógröfum við bæði holtin.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1-2; Ö-Kolviðarnes viðb, 1-2

MH-231:027 Steinsvað heimild um vað
“Steinsvað er á milli Langaness og Hrísness.” Segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 2

MH-231:028 Hólsvað heimild um vað
“Laugavað gegnt Kolviðarneslaug.” Segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 2

MH-231:029 heimild um þvottastað
“Í minni tíð var ullin þvegin í neðra vatninu við Nátthagann [ekki við 016].” segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 3

MH-231:030 heimild um naust
“Bænhúsvaðsgrund er á dálitlu nesi, og er klettabelti lágt fremst á því. ‘I klettaröðina er dálitið skarð og kallað Naustið. Upp af því voru svolítil veggjabrot, og þar var geymdur bátur, meðan til var.” segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 3

MH-231:031 heimild um fjárhús
“Allstór vötn eru í landinu, Kolviðarnesvötn, en skipt í Neðravatn og Efravatn; stutt er á milli þeirra. Austast milli þeirra er Hallsholt, sunnan í því er Hallsholtsbrekka . Á Hallsholti voru fjárhús byggð 1923.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes viðb, 2

MH-232 Hausthús

1237: Hausthús í byggð (Sturlunga I, 403) [1354]: Máldagi “Nicholas kirkia j hafsfiardarey a heima lannd allt. holz lannd allt. eina kv. ... Saudahofnn a vetur j hausthusa lannd. moskyrdur j torfvagi. oc seliagrofum. hausthusa menn eiga ij manada beit bufe thil feallz j annad mal. og varda vid einngivm.” (DI III 83) Máldagi 1375: “cx. Nichulaskirkia j haffiardarey a heimaland allt [med] gognum og giædum. hola land allt. ... saudhofn j hausthusa jord.” (DI III 305) 1714: “Selstaðan sem jörðin [Haffjarðarey] á á fastalandi, hefur bygð verið og þá kallað Hausthús. Bygðin varaði 4 eður 5 ár og eyðilagðist nú fyrir 6 árum.” J’AM V, 46-47. “1804 segir, að Haffjarðarey, sem fyrrum var aðaljörðin, sé lögð í eyði, en að Hausthús, sem áður var eyðihjáleiga, sé bygð á ný í aðaljarðarinnar landi ...” JÁM greinir frá dýrleika Haffjarðareyjar en 1760 er talin leigumáldagi á Hausthúsum. JJ, 134-135.
Breiðabólstaðarkikja á hér reka. Ábúandi í Haffjarðarey 1681, einnig 1703 en 1729 eru engir ábúendur í Haffjarðarey og Hausthús orðin lögbýli. Í eyði.
1920: Tún 2,5ha, 1/3 sléttað, útgræðsla 0,5ha, garðar 200m2. “Landstæði jarðarinnar er í tæpu meðallagi. Hún taldist fremur óhæg fyrir sauðfé, en ræktun mátti þar auðveldlega við koma. Heyskapur var einnig sóttur í Hausthúseyjar en sæta varð sjávarföllum til þess.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 17



Bæjarhóll 001, horft til suðausturs.

MH-232:001 Hausthús bæjarhóll bústaður 332015 482830
Samkvæmt túnakorti frá 1920 er bæjarhóllinn um 130m austan við núverandi íbúðarhús sem byggt er 1974. Hóllinn er framarlega á lágum bakka undir lágu klettabelti sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Land hallar til suðausturs. Suðaustan við bæjarhólinn er sléttað tún sem liggur að sjávarkambi. Bæjarhóllinn er 25x20m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Upphleðsla hólsins er óveruleg að norðvestan verðu en suðaustan til má ætla að upphleðsla hans sé um 1-1,5m. Hann hefur verið sléttaður og er ekki hægt að merkja neinar veggjahleðslur á honum. Suðvestast við hóljaðarinn vottar fyrir ferhyrndri dæld.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:JÁM V, 47; Túnakort 1920; Byggðir Snæfellsness, 274

MH-232:002 þúst útihús 332090 482891
Stór þúst er tæpa 60m norðvestan við íbúðarhús byggt 1974 og tæpa 70m norðaustan við bæjarhól 001. Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu útihús á þessum stað.
Þústin er í sléttuðu túni og hallar land lítið eitt til suðausturs fram að sjávarkambi.
Þústin er töluvert stór eða um 40x26m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Upphleðsla er greinileg og gæti verið um 150cm. Þústin er mjög þýfð og ber greinileg ummerki bygginga. Hugsanlega hefur útihús verið á þessum stað um langan tíma en líka getur hugsast að gamla selstaðan frá Haffjarðarey hafi staðið á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920


Þúst 002, horft til suðausturs.


MH-232:003 vegur samgöngubót 331938 482775
Tæpa 15m suðvestan við bæjahól 001 vottar fyrir upphlöðnum vegi sem liggur rúma 200m meðfram lágu klettabelti til suðvesturs. Vegurinn hefur að öllum líkindum verið heimreiðin að gamla bæjarstæðinu.
Vegurinn liggur milli lágs klettabeltis og sjávarkambs. Landið hallar til suðausturs og er nokkuð bratt á köflum.
Vegurinn er rúmlega 200m að lengd og um 2m á breidd. Hann er að stærstum hluta á kafi í grasi en hér og þar má sjá glitta í stórt hleðslugrjót.
Vegurinn liggur um land sem hallar til suðausturs, hann hefur því kant að suðaustan verðu en ekki að norðvestan. Upphleðsla kantsins er frá 30-50cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920


Vegur 003, horft til suðvesturs.

MH-232:004 tóft kálgarður 332018 482808
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður suðaustan við bæjarhól 001 og stendur tóft hans ennþá og í henni vex rabbabari.
Kálgarðurinn er í landi sem hallar nokkuð bratt til suðausturs.
Kálgarðurinn er 16x11m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslurnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti, eru 30-120cm á hæð og um 1m á breidd. Vegghleðslurnar afmarka kálgarðinn á þrjár hliðar en norðvesturgafl hans er grafinn inn í brekku sem myndar jafnframt norðvesturgafl garðsins.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Kálgarður 004, horft til norðvesturs



Uppdrátturinn sýnir kálgarð 004.

MH-232:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-232:006 Selhamar örnefni sel
"Vestanverðu við túnið í Hausthúsum er dálítil vík og á vestari barmi hennar er Selhamar, en upp af honum er Efri- og Neðriborg." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:007 Efriborg örnefni
"Vestanverðu við túnið í Hausthúsum er dálítil vík og á vestari barmi hennar er Selhamar, en upp af honum er Efri- og Neðriborg." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:008 Neðriborg örnefni
"Vestanverðu við túnið í Hausthúsum er dálítil vík og á vestari barmi hennar er Selhamar, en upp af honum er Efri- og Neðriborg." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:009 Sauðbólsholt örnefni
"Í flóanum milli Hausthúsa og Mikilholts er röð af holtum, er öll heita Rjúpuholt. Um þau liggja landamerkin milli þessara jarða. Lengra uppi í flóanum er Sauðbólsholt." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:010 heimild um mógrafir
"Alllangt fyrir norðaustan bæinn er búk nokkur, og er mótekja á bökkum hennar." segir í örnefnaskrá

Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:011 Beinholt örnefni
“Beint upp undan bænum er lítið holt, nefnt Beinholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:012 Selholt örnefni sel
“Upp af Hamragarðinum er stórt holt, er heitir Selholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-237 Söðulsholt

1714: “Jarðadýrleiki xiii hrd vide Gerðiberg.” Konungseign. “[um 1360]: Jtaka Brieff Hrossholltz. Halluardur Oddzson sellde clostrinu a Helgafelle og Asgrijme abota jordina Hrosshollt. med ollum þeim gognum og giædum sem þar a ad fylgia. ad tiltoldum sierliga skogie þeim er stendur firer sunnan ana firer nedann modruskala hollt og eingi j Sodullzholltz jordu. sem Breff þar vm giorst vottar.” (DI III 138-139; DI VI, 11-12) Munnmæli herma að Þórður landnámsmaður hafi búið í Stöðuholti og að þá hafi bærinn staðið ofar, gengt Dalsmynni.” Haraldur Matthíasson: Landið og landnáma I, 156-157
1714: “Túnið er grýtt og vatnssókt í sökkvamýri, so gripum er ekki óhætt í votviðrum. Núpá hleypur yfir engið með grjótáburði.” JÁM V, 43
1920: Tún 3,4 ha, 2/5 sléttað, garðar 400m2. Hrossholt átti engjaítaki við Stöðulholtsland. “Þverdalur heitir dalurinn sem gengur inn í fellið til hægri. Land Stöðulsholts er allstórt. Það liggur að Núpá að austan og meðfram henni inn í Núpudal.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 20 “Vetrarbeit er góð og niður landið er grösugt og gott til ræktunar.” BS, 277.

MH-237:001 Söðulsholt bæjarhóll bústaður 337199 485959
“Bæjarhús í Stöðulsholti standa sunnan þjóðvegar, neðan klettaborga og lengi vel sást ekki til þeirra frá vegi.” Hnitið
Heimildir:Túnakort 1920; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 20

MH-237:002 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:003 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:007 Hjallhóll örnefni hjallur
“Vinstra megin, þegar farið er heim, er í túni grasi vaxinn hóll nefndur Hjallhóll, og er flöt allt

í kringum hann.”
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 1

MH-237:008 heimild um mógrafir
“Þar vestur af er Grænadý, var hættudý mikið, áður en það var girt. Úr því er lækur, Mólækur, sem rennur fyrst beint í Mógrafir neðan við veginn, og er hann á merkjum móti Hrútsholti og verður að Keldunni fyrrnefndu, þegar í flóann kemur.”
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 1

MH-237:009 Stekkjarfoss örnefni stekkur
“Neðst innan við Þvergil er oddi, sem heitir Tungusporður. Nafn sitt hefur hann inn að, þar sem áin beygir innan við Djúpafljót. Þar taka við holt beggja megin Núpár, er heita Háholt. Þar er foss í ánni, sem heitir Stekkjarfoss, og hylurinn þar við Stekkjarfljót.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 1

MH-237:010 heimild um sel
“Inn með hlíðinni, ofan við Berjageiraflóa skáhallt, eru fyrst Berjageirar, er ná að Þverdal og Þvergili; þeir ná að Hærribrekku, sem er fyrsta háa brekkan bratta, þá er þrep, og þar upp af er önnur brekka, og þá er það Seljamúli fyrrnefndur. Innan við hann tekur við annar fallegur og grösugur dalur, sem heitir Seljadalur, og gilið, sem um hann rennur, heitir Selgil. Í þessum dal er mikið af lækjarsprænum, er mynda svo eitt gil, er þær koma niður á láglendið. Efst við þetta gil er fjárrétt, sem notuð hefur verið til forna. Þarna var talið, að hafi verið sel frá Söðulsholti innan við gilið á eyrunum. Þar mótar fyrir allmiklum rústum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 2

MH-237:011 heimild um rétt
“Inn með hlíðinni, ofan við Berjageiraflóa skáhallt, eru fyrst Berjageirar, er ná að Þverdal og Þvergili; þeir ná að Hærribrekku, sem er fyrsta háa brekkan bratta, þá er þrep, og þar upp af er önnur brekka, og þá er það Seljamúli fyrrnefndur. Innan við hann tekur við annar fallegur og grösugur dalur, sem heitir Seljadalur, og gilið, sem um hann rennur, heitir Selgil. Í þessum dal er mikið af lækjarsprænum, er mynda svo eitt gil, er þær koma niður á láglendið. Efst við þetta gil er fjárrétt, sem notuð hefur verið til forna. Þarna var talið, að hafi verið sel frá Söðulsholti innan við gilið á eyrunum. Þar mótar fyrir allmiklum rústum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 2

MH-237:012 heimild um sel
“Innan til í Eyjalágum er tjörn, er heitir Skötutjörn, nokkuð hátt uppi. Úr henni er nafnlaus lækur. Innan við, þar sem hann kemur í ána, er smáslakki eða hvammur nefndur Sel. Þar er talið, að hafi verið sel frá Hrossholti.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 2

MH-237:013 Stöðuholtsrétt heimild um rétt
“... Í sýslu- og sóknarlýsingum 1840 talar þáverandi sóknarprestur um Stöðuholtsrétt, og verður ekki betur séð en að þar hafi lögskilaréttin verið í þann tíð.” Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 357

MH-237:014 bæjarstæði býli

“Munnmæli herma að Þórður landnámsmaður hafi búið í Stöðuholti og að þá hafi bærinn staðið ofar, gengt Dalsmynni.”
Heimildir:Haraldur Matthíasson: Landið og landnáma I, 156-157

MH-242 Gerðuberg

13 hdr 1714, konungseign. 7.5.1488: Klaustrinu á Helgafelli gefin tiltala til jarðanna Þverár og Gerðubergs í Eyjahrepp og Bjarnarfoss í Staðarhrepp fyrir lauafé. (DI VI, 618 sbr. 652-53)
Í eyði frá 1990
1714: “Engar öngvar nema hvað hent er úr hagabeit. Landþröng er mikil og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna.” JÁM V, 39. 1920: Tún 2 ha, 1/10 sléttað, garðar 200m2. “Gerðuberg er tæplega meðaljörð að landstærð en þótti fremur góð til beitar hvort sem var að sumri eða vetri.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 22

MH-242:001 Gerðuberg bæjarhóll bústaður
Mynd af gamla bænum í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 141; Túnakort 1920

MH-242:002 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920


MH-242:003 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-242:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-242:005 þúst óþekkt 340285 487253
Um 680m sunnan íbúðarhúss á Gerðubergi sem byggt er 1943 er þúst, hún er rúma100m norðan við þjóðveg 54 og um 70m austan við heimreið að Gerðubergi.
Þústin er í þýfðu grösugu mólendi sem hefur verið ræst fram.
Þústin stendur með nokkuð augljósum hætti uppúr umhverfi sínu. Hún er



Þúst 005, horft til norðausturs.



Uppdráttur af þúst 005.

18x7m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Erfitt er að greina vegghleðslur því hún er öll mjög þýfð og á kafi í miklu grasi. Hugsanlega má þó greina um 2-3 hólf og tvö stór op, annað á suðvestur gafli en hitt fyrir miðri suðaustur langhlið. Upphleðsla gæti verið 60-70cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-242:006 Húsás örnefni
"Niður undir Haffjarðará, niður af Dilk, eru Húsás, Yztiás og Langiás, en þeir eru venjulega nefndir einu nafni Gerðubergsásar." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Gerðuberg, 2

MH-242:007 heimild um stekk
"Rétt fyrir utan túnið eru svonefndir Fossmóar, en þar er dálítill foss í læknum. Fyrir neðan Fossmóana eru gamlar stekkjarrústir." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Gerðuberg, 2

MH-242:008 heimild um stekk
"Uppi í hlíðinni fyrir ofan bæinn standa gamlar stekkjarrústir á hæðarbungu, og heitir hún Stekkjarborg." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Gerðuberg, 1

MH-252 Hrísdalur

[1377-78]: Helgafell gamall maldage.Hrisdallur c. (DI III, 326-329).
